

Nd. 359. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 13. gr. Stafliðirnir a, b og c orðist svo:

- a. Fyrir einstakling 800 kr.
- b. Fyrir hjón 1500 kr.
- c. Fyrir börn (þar með talin stjúp börn, kjör börn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með), sem ekki eru fullra 16 ára i byrjun þess almanaks-árs, sem skatturinn er lagður á, og hafa ekki sjálf efni á að kosta framfæri sitt: 500 kr. fyrir hvert barn. Sama er um foreldri, systkini, ættingja og vandamenn, sem skattgreiðandi hefir á framfæri sínu. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.